Arðrændir og kúgaðir allra landa - sameinist!

# VERKALÝÐS BLAÐIÐ

Málgagn Einingarsamtaka kommúnista (marx-leninista)

10. tbl. 5. árg. 21. maí - 4. júní 1979 Sími 28962 Verð kr. 200,-

## Sumarbúðir

Í sumar mun Verkalýðsblaðið standa að hvorki meira né minna en þrennum mismunandi sumarbúðum á Suðurlandi!

Við kynnum þessi kostaboð á bls. 7.

## Verkalýðsblaðið kannar mál Bifrastar hf:

# Bifröst sparaði sér miljónir á kostnað sjómanna

Að eiga hlut í framtíð
Hlutafjárboð frá Bifröst
Ný tækni á Íslandi
Stofnun Skipafélagsins Bifrastar hf. fyrir tveim árum markaði tímamót í sögu íslenskra farmflutninga.
Tilgangur og markmið félagsins frá upphafi var að efla samkeppni á sviði samgangna, sem er í raun líftrygging frjálsrar verslunar í landinu.
Í því skyni var m.a. innleidd ný tækni í farmflutningum sem Íslendingum hafði ekki

Auglýsing Bifrastar um hina gylltu framtíð

■ Of fáir á setar á skipinu

■ Útgerðin stakk undan á þriðju miljón í lífeyrisgreiðslur

■ Hvað gerir Óskar Vigfússon?

Sjá baksíðu

Far manna deilan 3

„Staglið“ 4

Laos 6

## Jóhannes Gunnarsson, mjólkurfræðingur:

# „Eðlilegt að leita samstöðu með bændum“

## „Ríkisstjórnin starfar ekki í þágu verkalýðs“

– Viðsemjendur okkar hafa lýst því yfir að kröfur okkar séu sanngjarnar, en Vinnuveitendasambandið og Vinnumálasamband samvinnufélaganna eru samt ekki til viðtals um að semja á þeim grundvelli. Ríkisstjórnin er komin í spilið með tilboð upp á 3% grunnkaupshækkun á móti frestun verkfalls, sem við höfnuðum. Málið er því í hnút.

Þetta hafði Jóhannes Gunnarsson, mjólkurfræðingur í Borgarnesi, að segja VB fimmtudaginn 17.maí um kjaradeilu mjólkurfræðinga eins og hún stóð þá. Aðalkrafa þeirra er að fá 18-19% kauphækkun til mjólkurfræðinga sem farið hafa til náms í faginu erlendis, auk krafna um að gengið verði endanlega frá kjarasamningi frá 1977 og fleiri lagfæringar varðandi kaup og kjör.

Athygli hefur vakið,

Jóhannes Gunnarsson

að mjólkurfræðingar hafa leitast við að ná samstöðu með bændum í baráttu sinni, með því að leyfa móttöku á mjólk til mjólkurbúanna og vinnslu úr mjólkinni. Hins vegar hafa þeir aðeins leyft að 1/3 af venjulegu magni mjólkurvara fari í sölu, og þá fyrst og fremst til sjúkrahúsa, barnaheimila o.s.frv.. Er þetta gert að beiðni landlæknis og borgarlæknis, en Jóhannes taldi því miður að þessi undanþága væri misnotuð og mjólkin færi mun víðar en ætlunin hafi verið með undanþágunni.

– Ég tel ákaflega eðlilegt að við leitum eftir samstöðu með bændum, sagði Jóhannes, enda þorri þeirra illa settur hvað snertir kaup og kjör. Við vildum ekki neita móttöku á mjólk, sem þýðir einfaldlega niðurhellingu og beina kjaraskerðingu fyrir bændur. Við vildum heldur að aðgerðir okkar bitnuðu á þeim sem við gerum kröfur okkar til, þe. atvinnurekenda. Vinnuveitendasambandið er hins vegar ákaflega svekkt yfir þessu fyrirkomulagi og reynir að slá ryki í augu fólks á okkar kostnað. Sama má sjá í blöðum, m.a. í leiðara Dagblaðs-Jónasar í gær (16.maí), þar sem okkur er núið um nasir að beina spjótum okkar að-

Framhald á bls. 7

## Kór Menntaskólans við Hamrahlíð:

# Helmingurinn neitar að syngja á Ísraelsfundi

Sá ánægjulegi atburður átti sér stað fyrir skömmu að helmingur söngfólksins í Kór Menntaskólans við Hamrahlíð neitaði að syngja fyrir Vináttufélag Íslands og Ísraels í Reykjavík. Blaðið hafði tal af Arnóri Sigfússyni úr MH-kórnum út af máli þessu. Arnór sagði, að fyrir nokkru hefði stjórnandi kórsins (sem sat í stjórn Ísraelsvinafélagsins) farið fram á það við kórinn að hann syngi á félagsfundi. Strax kom upp andstaða við hugmyndina meðal kórfélaga og urðu úrslit þau að rétt um helmingur kórsins söng á fundinum, en hinn helmingurinn lét ekki sjá sig. Arnór sagði, að ástæðan fyrir neitun fólksins væri sú að menn hafi ekki kært sig um að vera bendlaðir við Ísraelsvináttu, en einnig væri í hópnum fólk sem væri einarðir andstæðingar Ísraelsríkis og tækju aldrei í mál að gagnast vinum þess á Íslandi á þennan hátt.

Blaðið fagnar þessum fréttum, enda ekki vanþörf á að minna á, að hér á landi er líka til fólk sem fordæmir glæpaverk síonista í Ísrael gagnvart palestínsku þjóðinni.

Alþýðuuppreisn í Afghanistan 6

10. tbl. 5. árg. 21. maí - 4. júní 1979

VERKALÝÐS BLAÐIÐ

# Gömul afturhaldsúrræði

Á launafólki dynur nú sú staðhæfing að það sé að magna verðbólguna, að einn hafi engan "siðferðilegan" rétt til launabóta því hann sé að taka laun af öðrum og allir baráttusinnar séu að eyðileggja hjálparstarf "verkalýðs- og framfaraflokkanna" við arðránsöflin. Samtímis þykjast þau hafa "siðferðilegan rétt" til að varðveita gróða sinn með því að hækka vöruverð sjálfkrafa við minnstu kostnaðarhækkun. Og til að fela raunverulega orsök verðbólgunnar grípa forystumenn borgaralegu flokkanna, og fjölmargir verkalýðsbroddar, til þeirrar lágkúru að finna syndaseli og egna "láglaunafólki" gegn "hálaunafólki", á sama tíma og rústaðir eru kjarasamningar, verkfalls- og samningsréttur er skertur með lögum og hótunum. Margfaldlega réttmætar kjarakröfur þúsunda, sem hafa föst laun langt undir eða við lágmarksframfærslukostnað, eru á hinn bóginn kallaðar "þjóðhættulegar"!

Því miður láta margir blekkjast í moldviðrinu, en þeir eru líka margir sem eru orðnir óskureiðir. Það sést á óánægjunni innan verkalýðsstéttarinnar, meðal annars launafólks og ekki hvað síst af víðtækum stuðningi sem farmenn og aðrir eiga meðal fjöldans í verkfallsbaráttunni.

ÖRVÆNINGARAÐGERÐIR

Ríkisvaldinu með falska alþýðustjórnina fyrir sér, **hefur óhjákvæmilega** mistekist að berja allan vind úr fjöldanum. Ósættanlegar stéttaandstæður tekst ekki að sætta og enginn stöðvar alveg kreppuþróunina. Stjórnin riðar til falls. Nú sést betur að "góðu verkin" sem margir vonuðust eftir eru ein á færi baráttufúss fjölda að framkvæma.

Stjórnarflokkarnir vilja hver fara sína leið til að bjarga andlitinu og þjóðarbúinu (les: auðstéttinni). Alþýðuflokkurinn vill kjarasamninga á "ábyrgð deiluaðila en hefur til skamms tíma viljað lögbinda kaup og kjör. Alþýðubandalagið vildi að allir fengju 3% launahækkun (sem er löngu samningsbundin!) upp að 370 þús. kr. launum, nýtt þak á vísitölubætur við u.þ.b. 400 þús. kr. markið hálfgerða verðstöðvun með því að leyfa auðstéttinni að hækka vöruverð ef laun hækka (!) og hátekjuskatta. Þessar ráðstafanir skyldu gilda til áramóta. Nú í augnablikinu er málamiðlun flokksins fólgin í að falla frá launahækkuninni, en bjóða samstarfsflokkunum hitt. Framsóknarflokkurinn er með svipaðar tillögur, auk banns við grunnkaupshækkunum til áramóta ofl.

Auk þessa hafa flokkarnir beðið um frestun eða stöðvun verkfalla gegn 3% kauphækkun sem launafólk er löngu búið að semja um (!), en Framsókn hefur hótað lagasetningu og sett er niður ríkisnefnd til að skipta sér af samningamálum farmanna.

Enginn eðlismunur, aðeins stigsmunur er á tillögum flokkanna. Þær stefna allar að því að skerða kjör í skjóli einhvers konar mats á því hvort launahækkanir, verðbætur eða annað sé "leyfilegt". Þær taka allar mið af því að launabreytingar séu undirrót verðbólgunnar. Þær byggjast allar á því að skipta launafólki, jafnvel verkafólki, í "láglaunafólk" og "hálaunafólk, og á falskri kenningu um að launajöfnuður nálgist með því að millifæra fé milli hópanna í stað þess að sækja það til arðræningjanna sjálfra.

Allar tillögurnar eru því rangar og óhæfar í grundvallaratriðum, og þeim ber að hafna.

HVAÐ TEKUR VIÐ?

Ljóst er að efnahags- og stjórnarkreppan harðnar. Falli ríkisstjórnin, tekur önnur við svipuð og var á undan þessar, eða þar á undan. Af þeim öllum ætti að sjást, að valdið og aflið sem gagnast alþýðunni liggur utan ríkisvaldsins og utan auðstéttarinnar. Verðbólgan og stjórnleysið í efnahagskerfinu er mara sem fylgir sjálfu auðvaldskerfinu og leysist ekki nema með afnámi þess. Hins vegar er hægt að gera hvort tveggja eitthvað léttbærara vinnandi fólki með eigin baráttu fjöldans og notkun fagfélaganna, hagsmunasamtaka, samfylkinga og raunverulegs verkalýðsflokks. Hver og einn verkalýðssinni verður því að taka ákvörðun um hvort hann bindi traust, vonir og kröfur við borgaralegu flokkana fjóra eða sig og sína stéttarbræður.

Framkvæmdanefnd miðstjórnar EIK(m-l) 17. maí

# Stuðningur við farmenn

EIK(m-l) hafa sent Farmanna- og fiskimannasambandinu stuðningskveðju vegna yfirstandandi kjaradeilu farmanna. Þar er lýst fullum stuðningi við kröfur farmanna og fordæmd þau öfl sem reynt hafa að brjóta á bak aftur baráttu þeirra undir yfirskini launajöfnunar. Þá er lýst andúð á fölsunum og óhróðri atvinnurekenda, sem rignt hefur yfir landslýð í fjölmiðlum að undanförnu og lýst stuðningi við þá viðleitni að verja samnings- og verkfallsrétt gegn hvers kyns árásum ríkisvaldsins.

**Gerist áskrifendur - greiðist á gíró 12200-9**

## Ari T. Guðmundsson:

# Misskilur verkalýðsforystan eitthvað?

Fylkingin snarar á fót "Rauðri verkalýðseiningu" með harla litlu fjöldastarfi 1. maí ár hvert. Inn í kröfugönguna setja Fylkingarmenn svo fána "4. alþjóðasambandsins", að sjálfsögðu óumbeðnir og óauglýst - og hampa svo vaxandi fylgi "byltingarsinnaðs marxisma".

Í ár töldu aðgerðir RVEI á að giska 500-600 manns sem munu teljast nokkur þúsund að venju í Neista.

Skyggnumst dálítið inn fyrir glansmyndina og skoðum anga af þeim stjórnmálagrunni sem RVEI stendur á.

Í Þjóðviljann 24.4. skrifar Guðmundur nokkur Hallvarðsson einn talsmaður Fylkingarinnar, grein um uppgjöf (!) verkalýðsforystunnar nýverið.

Í greininni segir hann verkalýðsforystuna hafa gefist upp gagnvart kjaraskerðingarstefnu ríkisstjórnarinnar. Hann talar um afleiki (!) forystunnar og um að hún ætli seint að átta sig (!) á eðli og leikreglum auðvaldsins.

Guðmundur telur að á sl. sumri hafi þingræðisbaráttan orðið eina haldreipi forystunnar og að hún hafi klúðrað (!) baráttunni eftir sólstöðusamningana 1978. Loks fáum við að vita að samráðsmakkið milli forystunnar og ríkisvaldsins hafi klafabundið verkalýðssamtökin á grunni stéttasamvinnu.

Það er sannarlega sjaldgæft að uppáhaldsleikurum atvinnurekenda sé brugðið um vankunnáttu á leikreglunum og að hafa klúðrað því sem klúðra átti.

Hvað er nú orðið um alla byltingarsinnuðu frasa trotskíistans? Getur verið að hann skilji ekki eðli og stöðu stórs hluta verkalýðsforystunnar.

Ekki vitum við til þess að hún hafi gefist upp gagnvart kjaraskerðingarstefnu sem hún sjálf átti fullan þátt í að móta. Ekki vitum við heldur til þess að forystan hafi alla jafna sýnt annað en þessa "uppgjöf" nema þegar verkafólk stendur með spjót í bak þeirra og þó varla það. "Uppgjöfin" er ekkert annað en stjórnmálastefna sem er byggð á "samvinnu aðila vinnumarkaðarins" og hefur verið að eyðileggja verkalýðshreyfinguna í áratugi.

Guðmundur veitir verkalýðsbroddunum eins konar fjarvistarsönnun með því að gera þeim upp "misskilning", að þeir hafi "týnt áttunum" og "klúðrað" baráttu osfrv. - eða með öðrum orðum að þeir séu villuráfandi sauðir (sem þarfnast væntanlega hjálpar Guðmundar) en ekki að hluta aðstoðarmenn auðvaldsins í verkalýðshreyfingunni hvað svo sem óskum þeirra, orðagjálfri og öðru líður. Grundvallarstefna stórs hluta verkalýðsforystunnar getur varla nýlega hafa bundið okkur á klafa stéttasamvinnunnar því þar var verkalýðshreyfingin áður en samráðsmakkið við ríkisstjórnina hófst. Og varla losnum við þótt Snorri og Ásmundur hætti að tala við Ólaf, Svavar eða Geir.

Í raun eru kvartanir og falsanir Guðmundar Hallvarðssonar sniðnar fyrir verkalýðsforystuna og túlka skoðanir nokkurs hluta óánægðra manna innan hennar. Sumir þeirra feta alveg í sömu fótspor og æðstuprestarnir, en til eru aðrir sem vilja standa á grunni stéttabaráttu. Þeir síðastnefndu verða að snúa baki við stéttasamvinnumönnunum og afhjúpa með okkur "hugsandi sósíalista" á borð við Guðmund sem gera lítið úr starfi og hlutverki núverandi verkalýðsforystu.

Hvers konar árangursrík andstaða við hana er jákvæð - hvers konar andstæður innan verkalýðsforystunnar verður að hagnýta í baráttunni fyrir því að gera stéttarfélögin að baráttutækjum. Samtímis er algjör nauðsyn að afhjúpa hvers konar kratisma og stéttasamvinnu í bleikum klæðum.

Afstaða Guðmundar er dæmigerð fyrir raunverulegt innihald ofurróttækninnar og falsananna á marxismanum sem kallast trotskíismi. Greining marx-leníinismans á óhjákvæmilegri tilveru og störfum borgaralegrar verkalýðsforystu á tímum einokunarauðvalds er röng fyrir Fylkingunni. Brölt hennar er líka dæmt til að mistakast hér eftir sem hingað til

Það er allt að því hjartnæmt að sjá til hennar: "Að þessir flokkar (Alþýðuflokkur og -bandalag, innsk.) skuli síðan í ríkisstjórn halda fram sömu stefnu og hægri stjórnin .... eru staðreyndir sem hver hugsandi sósíalisti og verkalýðssinni á örugglega erfitt með að kyngja". (G.H. í greininni) Jú - áreiðanlega hafa margir vonast eftir betri tíð, en þá einmitt vegna blekkinga og áróðurs þessara sömu flokka.

Sérhver þekkingarmoli um stéttabaráttu og sósíalisma hjálpar til við að koma svona tálsýnum burtu.

Lyfseðill Guðmundar er svo þessi: "Hættið samráðsmakkinu, verkalýðsflokkarnir úr ríkisstjórn"(!)

Líklega hætta foringjar fölsku verkalýðsflokkanna stéttasamvinnu, "uppgjöf" og öllu því utan stjórnar eða hvað? Eða láta þeir auðveldlegar undan baráttu fjöldans utan stjórnar? Nei - það hefur ekki sýnt sig. Þeim gæti helst tekist betur upp við að blekkja alþýðuna - og þakkað Fylkingunni hugmyndina.

Það er stundum sagt að falsmarxisminn (endurskoðunarstefnan) sé fíkjublað til að dylja blygðun auðstéttarinnar. Fylkingin ber að vísu pínulítið blað, en reyndar er það hið eina sem heldur í henni lífinu.

# Geng Biao til Íslands

Í júníbyrjun er væntanlegur í opinbera heimsókn til Íslands Geng Biao, einn af varaforsætisráðherrum Alþýðulýðveldisins Kína. Mun hann ræða við íslenska ráðamenn um samskipti ríkjanna á ýmsum sviðum og hvernig megi auka þau og efla.

Geng Biao er gamalreyndur stjórnmála- og embættismaður. Á árunum 1950-1971 var hann sendiherra Kína í Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi, auk þess sem hann gegndi um skeið embætti varautanríkisráðherra. 1978 tók hann við embætti varaforsætisráðherra.

Geng Biao er fæddur árið 1909 í fátækri bændafjölskyldu. 14 ára að aldri varð hann námuverkamaður og um það leyti vaknaði hann til pólitískrar vitundar. 1925 gekk hann í ungherjahreyfingu Kommúnistaflokks Kína og 1928 í flokkinn sjálfan. Geng Biao tók þátt í "Göngunni löngu" og ýmsum hernaðaraðgerðum frelsisherjanna í Kína, þar á meðal í varnarstríðinu gegn Japan.

Geng Biao er yfirmaður utanríkisdeildar miðstjórnar Kommúnistaflokks Kína og meðlimur framkvæmdaráðs flokksins. Hann hefur átt viðræður við margar sendinefndir marx-leníniskra samtaka og flokka, sem heimsótt hafa Kína, auk viðræðna við erlenda þjóðhöfðingja og fleiri gesti. Óhætt er að segja, að heimsókn Biaos sé mikill áfangi á þeirri leið að efla samskipti íslensku og kínversku þjóðarinnar.

Þess má að lokum geta, að sendinefnd íslenskra fréttamanna undir forsæti Helga Ágústssonar í utanríkisráðuneytinu, er nýlega komin heim úr hálfs mánaðar ferð um Kína. Er vonandi að út úr ferðinni komi bitastætt efni um Kína í fjölmiðlum. Nú þegar hefur Þorbjörn Guðmundsson á Morgunblaðinu birt 2 ágætar greinar um ferðina, en frá samferðamönnum hans á Vísi og Sjónvarpinu hefur ekki heyrst stakt orð, enn sem komið er.

Þessa dagana er svo Einar Ágústsson, alþingismaður, að leggja upp í Kínaferð ásamt konu sinni í boði stjórnvalda þar. Enn má svo minna á Kínaferðir Kínversk-ísl. menningarfélagsins í sumar. Upplýsingar um þær eru veittar í síma 12943.

Þeir áskrifendur í Reykjavík sem enn hafa ekki borgað áskriftargjaldið fyrir árið 1978 mega eiga von á heimsóknum innheimtumanna blaðsins á næstunni.

Skuldseigir áskrifendur úti á landi eru eindregið hvattir til að greiða áskriftargjöld sín inn á gíróreikning 12200-9.

# Gerum stéttarfélögin að baráttutækjum

# Farmannadeilan

Þegar þessar línur eru skrifaðar eru yfirmenn á kaupskipum enn í verkfalli og undirmenn í verkbanni. Stjórn Sjómannafélags Reykjavíkur hefur sótt eftir heimild umbjóðenda sinna til verkfallsboðunar. Útgerðin hefur til þessa ekki fengist til að taka þátt í raunverulegum samningaviðræðum heldur hefur hún lagt allt traust sitt á ríkisstjórnina. Þann 15.maí boðaði forsætisráðherra fulltrúa yfirmanna á sinn fund til að hvetja þá til að fresta verkföllum gegn 3% grunnkaupshækkun, auk þess sem stofnuð yrði sáttanefnd í deilunni.

Ríkisvaldið setti farmönnum tvo afarkosti: Að ganga að kröfu forsætisráðherra strax eða að ríkisvaldið legði bann á verkfallið og framlengdi samningana með lagaboði (sbr. hótanir ýmissa ráðherra í þá átt).

Vert er að rifja aðeins upp meginkröfur yfirmanna hvernig vinnutíminn er í dag um borð í íslenskum kaupskipum og síðast en ekki síst, hvaða möguleika sjómenn hafa á því að ná kröfum sínum fram

KJÖR YFIRMANNA OG VINNUTÍMI

Kröfugerð yfirmanna nú er í þremur meginþáttum:
1. Almenn 20% kauphækkun.
2. Fækkun launaflokka úr 6 í 3.
3. Viðurkenning fáist á því að vaktavinna sé unnin um borð í íslenskum kaupskipum og 30% vaktaálag verði því greitt á grunnlaun.

Tekjur yfirmanna eru allbreytilegar eftir skipum og er það einkum lengd vinnutíma sem ræður því (auk flokkaskiptingar). Stefnt hefur verið markvisst að því af hálfu útgerðarinnar að fækka mönnum um borð í skipunum með því að lengja vaktir og auka yfirtíðina. Þau skip sem keypt hafa verið til landsins (gömul skip) undanfarin ár og notuð eru til flutninga til og frá landinu eru tvímælalaust með mun færri menn en tíðkaðist hjá hliðstæðum skipum áður. Í yfirstandandi kjaradeilu hefur það komið berlega í ljós, að útgerðin og ríkisvaldið reyna að nota óhóflega langan vinnutíma og mikið vinnuálag til að halda niðri grunnkaupi sjómanna og til þess að fá samtök þeirra til að fallast á frekari fækkun í áhöfnum skipa. Reynslan af útgerð Bifrastar (sjá grein annars staðar í blaðinu) sýnir hversu mikil fásinna það er að halda að fækkun í áhöfn færi sjómönnum bætt kjör.

HVAÐ ER FRAMUNDAN?

Útgerðarmenn (eða VSÍ) sýndu þegar í upphafi verkfalls mikla hörku og óbilgirni. Reyndu þeir að draga undirmenn inn í deiluna með verkbanni og höfðu í hótunum um að gera slíkt hið sama við fleiri hópa. Aldrei þessu vant hafa atvinnurekendur ekki mikið borið við lélegri afkomu fyrirtækjanna. Þvert á móti eru helstu rök þeirra fyrir óbilgirni sinni að þeir séu að verja launastefnu ríkisstjórnarinnar og berjast gegn verðbólgunni. Um gróðasöfnun skipafélaganna efast hins vegar enginn. Undirboðin í flutningum fyrir herinn s.l. haust og stöðug skipakaup og sviptingar í stjórnum félaganna eru ljós dæmi um þá fjárhagslegu hagsmuni, sem þar eru á ferðinni.

Áhrifa verkfallsins er þegar farið að gæta í nokkrum mæli. Til dæmis er stutt í það að frystigeymslur nokkurra frystihúsa fyllist og ætlar fjöldi báta af Suðurlandi svo og togarar að sigla á Bretland. Er einokunarauðvaldinu að vonum eftirsjá í þeim þorski sem þangað fer. Saltfiskmarkaðir í S-Evrópu eru sagðir í hættu ef það dregst eitthvað að ráði að útskipanir þangað geti hafist.

Að ofansögðu mætti ætla að farmenn séu í nokkuð góðri stöðu til að brjóta af sér lögin ef ríkisvaldið lætur verða af hótunum sínum. Greinaskrif yfirmanna í blöðin, samþykktir félagsfunda og eindregin synjun þeirra á málaleitan forsætisráðherra benda líka til baráttuvilja þeirra. Farmenn standa því nú í forystu í baráttu launafólks til að brjóta á bak aftur kaupbindingarstefnu atvinnurekenda og ríkisvalds þeirra. Vinni þeir sigur í baráttu sinni yrði það enn einn sigur baráttustefnunnar gegn stéttasamvinnunni.

# Atlagan að Pétri Péturssyni

Ötult starf Péturs Péturssonar, útvarpsþular, í andófshreyfingu opinberra starfsmanna gegn samningum BSRB-forystunnar og ríkisvaldsins hefur farið fram hjá fáum. Pétur er ódeigur í ræðu og riti að eggja félaga sína í BSRB til baráttu við að halda kjarasamningum sínum óskertum. Hann hefur jafnframt flett miskunarlaust ofan af stéttasamvinnumakki BSRB-forystunnar við ríkisvald auðstéttarinnar og tvöfeldni og svik A-flokkanna í ríkisstjórn. Pétur átti ekki aðgang að síðum Þjóðviljans fyrr en eftir að mikill meirihluti BSRB-félaga hafði gefið svikasamningnum verðugt spark. Þá loksins sá Þjóðviljinn ástæðu til að "muna eftir" Andófi '79 - væntanlega til þess að reyna að veiða fylgi andófsmanna.

En sigursæl barátta Andófs'79 kom borgarastéttinni illa og nú skal reynt að finna leiðir til að "stinga upp í" andófsfólkið. Opinber herferð krata og Alþýðubandalagsmanna í Útvarpsráði gegn Pétri Péturssyni er liður í þeim leik. Útvarpsráð lagði blessun sína yfir það að Andóf '79 kæmi sem allra minnst við sögu í fréttum ríkisfjölmiðlanna og nú leggur það til atlögu við einn helsta talsmann andófsmanna, Pétur Pétursson. Hann er sakaður um "misnotkun á aðstöðu sinni" í morgunútvarpinu og fékk "áminningu" Útvarpsráðs. Þannig birtast tilhneigingar borgarastéttarinnar til að útiloka baráttufólk frá opinberum störfum, nokkuð sem er vel þekkt í mörgum löndum í kring um okkur (best líklega í Vestur Þýskalandi). Starfsbann á róttækt fólk á Íslandi hefur ekki verið áberandi undanfarin ár, en tilhneigingar í þá átt vaxa jafnhliða pólitískri kreppu auðvaldsins. Alþýða manna þarf að vera vel á verði gagnvart hvers konar skerðingum á lýðréttindum. Krataatlagan að Pétri Péturssyni er aðeins forboði um það sem koma skal.

# Nýr formaður í Sjúkraliðafélaginu

21.apríl var aðalfundur Sjúkraliðafélags Íslands. Þar gerðist það í fyrsta sinn í sögu félagsins að kosið var um formann, en í stjórn var sjálfkjörið að öðru leyti. Ingibjörg Agnars, fráfarandi formaður, hlaut 123 atkvæði, en Sigríður Kristinsdóttir, fráfarandi varaformaður 239 atkvæði. Aðspurð tjáði Sigríður Verkalýðsblaðinu, að kosningarnar hefðu ekki verið pólitískar á neinn hátt. Nokkrir félagar - þám. meirihluti uppstillingarnefndar - hefðu skorað á sig að gefa kost á sér, og hefði hún orðið við þeirri bón. Framboðið væri ekki komið til vegna neinnar óánægju með fráfarandi formann, heldur af fyrrgreindum sökum, auk þess sem sér fyndist sjálfsagt að almennir félagar fengju sjálfir að velja sér forystufólk. Hingað til hefði alltaf verið sjálfkjörið.

Sjúkraliðafélagið er félag illa launaðs fólks. Í því eru einkum konur, og kann það að eiga sinn þátt í hve launin eru lág. Þrátt fyrir allnokkuð nám að baki er starf sjúkraliða talsvert verr launað en ýmis "karlastörf" sem enga menntun eða litla þarf til. Helsta verkefni félagsins kvað Sigríður vera að reyna að vinna að bættum kjörum félagsmanna og vinna félaginu einhverja aðild að kjaramálum sínum, en í dag hefur félagið ekki samningsrétt. Það eru hin einstöku starfsmannafélög sveitarfélaga og ríkis sem fara með samninga fyrir sjúkraliða, og eru kjör þeirra því æði misjöfn eftir landshlutum og jafnvel milli stofnana.

Annað brýnt verkefni félagsins er að gera lög þess lýðræðislegri og koma því svo fyrir að allir félagar úti um land geti átt kost á því að taka þátt í kosningum og ákvarðanatekt um lög og starfsemi félagsins, en eins og lögin eru núna fá aðeins þeir sem hafa tök á að mæta á aðalfundinum í Reykjavík nokkru ráðið.

Sigríður Kristinsdóttir er kunn fyrir atorkusemi í félagsmálum.
Verkalýðsblaðið óskar félaginu góðs gengis í baráttu sinni.

# Frá aðalfundi Sóknar: Hugmyndir um inngöngu í VMSÍ

Aðalfundur Sóknar var haldinn í Hreyfilshúsinu 27.apríl s.l., þremur mánuðum síðar en kveðið er á um í lögum Sóknar. Í umræðu um starf félagsins kom fram að það hefur verið líflegt, 7 félagsfundir, 8 stjórnarfundir og 12 fundir í opnu húsi. Félagsfundirnir í kringum samningana í vetur voru fjölsóttir, enda mikil átök í félaginu um stefnu og starfsaðferðir í samningamálum. Þrátt fyrir líflegt starf miðað við önnur stéttarfélög er Sókn sama marki brennt og önnur félög. Raunveruleg völd í félaginu eru í höndum fárra kvenna sem láta ASÍ að mestu segja sér fyrir verkum. En félagið hefur enn formlegt sjálfstæði gagnvart ASÍ, kýs sér eigin samninganefnd og stóð í launabaráttu í vetur þrátt fyrir áskorun ASÍ-forystunnar um að framlengja samningana í ár. Enda gat ASÍ-forystan ekki látið félagið í friði meðan á samningunum stóð. Samninganefnd Sóknar var að mestu haldið utan við samningagerðina en sjálfskipuð samninganefnd frá ASÍ sá um hana ásamt Aðalheiði.

Starfið í vetur sannaði að sjálfstæði (eða viðleitni til þess) borgar sig. Þrátt fyrir nokkurn undanslátt af kröfum samdi Sókn um hærra kaup og hærra vaktaálag og þokaðist í átt til launajafnréttis. Á aðalfundinum reifaði Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir hugmyndir um að Sókn gengi í Verkamannasambandið. Við núverandi aðstæður í verkalýðshreyfingunni myndi innganga Sóknar í Verkamannasambandið þýða afsölun samningsréttarins þar sem stjórn Verkamannasambandsins hefur undanfarin ár sölsað undir sig æ meiri völd og séð að mestu leyti um samningagerð fyrir aðildarfélögin.
Nokkrar umræður urðu um lög ríkisstjórnarinnar um efnahagsmál. Fram kom tillaga að mótmælum fundarins gegn lögunum og þá sérstaklega vísitölukaflanum og skerðingu laganna á fjárframlögum til félagslegrar þjónustu. Eftir nokkra umræðu var ákveðið að fresta því að bera tillöguna upp og halda opið hús fyrir Sóknarkonur um efnahagsmálin þann 17. þessa mánaðar. Það er gífurlega mikilvægt að verkafólk mótmæli þessum lögum og að Sóknarkonur fjölmenni á opna húsið.

Tillögu um stuðning fundarins við aðgerðir Sameiningar 1.maí var vísað frá. Sagði Aðalheiður að hún vildi hvetja Sóknarkonur til að taka þátt í baráttu dagsins og ganga þar sem þær vildu. Skýtur dálítið skökku við að Aðalheiður var fundarstjóri á fundi Fulltrúaráðsins í Reykjavík og að Sókn er aðili að því. Þátttaka Sóknar í Fulltrúaráðinu er bein hvatning til félagskvenna til þátttöku í þeim aðgerðum. Rökstuðningur Aðalheiðar fyrir frávísunartillögunni er því fyrirsláttur einn.

Aðalfundurinn var fámennur og telst slíkt til tíðinda því að vel hefur verið mætt á flesta fundi félagsins í vetur. Margar nýjar stúlkur komu til starfa á félaginu og sýndu mikinn baráttuhug. Starfsstúlkur af barnaheimilum og af stórum vinnustöðum (s.s. Kópavogshæli og Reykjalundi) fjölmenntu á félagsfundi um kjarasamningana.

Sóknarstúlkur!

Höldum starfi vetrarins áfram. Styrkjum andstöðuna innan félagsins og verum vel á verði gegn hugmyndum um að afsala okkur sjálfstæðinu í hendur Verkamannasambandsins. Breytum félaginu í baráttutæki!

Fréttaritari.

## „Staglið“ um dagvistunarsamstarfið:

# „8. mars-hreyfingin stjórnar með tilfinningasnauðri skriffinnsku“

Meðfylgjandi grein er úr "Staglinu" -innanfélagsblaði Rauðsokka. Við báðum tvær þeirra sem setið hafa í samstarfshópnum um dagvistarmál að ræða við okkur um greinina og samstarfið almennt. Það eru þær Nanna Mjöll Atladóttir, félagsráðgjafi, fulltrúi 8.mars-hreyfingarinnar og Sigrún Halldórsdóttir, nemi, fulltrúi Kennaraháskólans. Nanna hefur starfað í samstarfshópnum frá upphafi, svo að við spurðum hana, hvað væri hæft í þeirri staðhæfingu að engar umræður hefðu verið leyfðar um gæði dagvistarstofnana.

Nanna Mjöll Atladóttir og Sigrún Halldórsdóttir. (Mynd:Verkalýðsblaðið)

- 8.mars-hreyfingin er hlynnt öllum umræðum um jafnréttismál, þ.á.m. í uppeldi. En tilgangur þessa samstarfs var hins vegar að sem flest félög tækju höndum saman um að berjast gegn yfirvöldum fyrir úrbótum í dagvistarmálum. Það er fjarri lagi, að gæði dagvistarstofnana hafi ekkert verið rædd. Hópurinn lagði þvert á móti mikla áherslu á baráttuna fyrir bættri aðstöðu á dagvistarstofnunum, t.d. að starfsfólki yrði fjölgað, kjör og vinnuaðstaða fóstra yrði bætt, svo og námsaðstaða fyrir fóstrunema, og fleira í þeim dúr. Það sem Rauðsokkahreyfingin hins vegar á við, þegar hún talar um gæði, er að fóstrurnar séu ekki nógu miklar rauðsokkur og séu ekki nógu duglegar við að hvetja strákana til að leika sér í dúkkukróknum. 8.mars-hreyfingin gat ómögulega litið á þetta atriði sem meginmálið í þessu samstarfi, þar sem jafn ólík félagasamtök starfa saman. Ég efast um að fleiri en tveir af samstarfsaðilunum eigi sér nokkra mótaða stefnu í jafnréttismálum, þ.e. 8.-mars-hreyfingin og Rauðsokkar. Til hvers að vera þá að setja öllum hinum stólinn fyrir dyrnar með því að gera þetta að mikilvægu atriði?

-Var þá aldrei rætt um jafnréttisuppeldi?

- Jú, töluverður tími fór í að ræða um hvort krafan "Jafnréttisuppeldi" ætti að vera með í göngunni 24.mars. Eftir þær umræður var ákveðið með lýðræðislegri atkvæðagreiðslu að hún skyldi vera með. Ætli það sé þetta sem Rauðsokkar kalla "óheilbrigð vinnubrögð"?

ENGIN " EINKAEIGN" 8.MARS-HREYFINGARINNAR

- Sigrún, hver er reynsla þín af þessu samstarfi? Gefur greinin í "Staglinu" rétta mynd af því?

- Ég vil eindregið mótmæla þeim ummælum Rauðsokka, að þetta hafi "í alla staði verið erfitt, ófrjótt og dautt starf". Af þessari grein mætti helst ímynda sér að aðeins tvö félög hafi staðið að þessu samstarfi. Reyndin er hins vegar sú að þau voru tólf. Þau hafa öll tekið einhvern þátt í aðgerðum, og fulltrúar sumra þeirra starfað samfellt frá upphafi, engu að síður en Rauðsokkar og 8.mars-hreyfingin. Þó að 8.mars-hreyfingin hafi boðið til þessa samstarfs, kom hvergi fram að hún ætlaði sér stærri hlut af því en öðrum. Staðhæfing Rauðsokka um "einkaeign" 8.mars-hreyfingarinnar á aðgerðum hópsins er því í rauninni árás á okkur hin. Rauðsokkur kvarta um "skriffinnsku" og að "allar umræður utan beinna framkvæmdaatriða í kringum kröfugönguna og undirskriftasöfnunina.. voru barðar niður með óheiðarlegum vinnubrögðum". Eftir að þessar tvennar aðgerðir - gangan og undirskriftasöfnunin - höfðu verið ákveðnar, hlaut hópurinn fyrst og fremst að starfa að framkvæmdaratriðum þeirra, og hefur ekki veitt af. Eða áttum við kannski að sitja niðri í Sokkholti og ræða aðgerðirnar og ástandið, en láta tilviljun ráða, hvernig þær gengju?

STARF RAUÐSOKKA SJÁLFRA

- Hvernig hafa þá Rauðsokkar sjálfir starfað að þessu samstarfi?

- Því er auðsvarað með þeirra eigin orðum úr "Staglinu": "en satt best að segja hefur frammistaða hennar verið slöpp og hreyfingin hefur engan veginn beitt sér í þessu samstarfi." Sá fulltrúi sem lengst hefur starfað fyrir Rauðsokkur í samstarfshópnum, hefur að mínu viti ekki starfað verr en aðrir. Þess vegna er það eins og rýtingur í bakið að sjá nafn hennar (Tóta, þ.e. Þórunn Friðriksdóttir - aths. Verkalýðsblaðið) undir þessari grein í "Staglinu", án þess að hún hefði nokkurn tíma minnst á þetta við okkur hin. Á öðrum stað í "Staglinu" er talað um nýliðahópa og sagt að eitt af aðaláhugamálum þeirra séu dagvistarmál. Þrátt fyrir það hafa Rauðsokkur ekkert reynt að virkja þá í starfið, fremur hið gagnstæða. Þó kann að vera að þetta sé að breytast nú á lokasprettinum, en það er ansi seint, svo að ekki sé meira sagt.

Nanna: - Fyrst þú minnist á lokasprettinn vil ég endilega koma því að, að fyrir viku fóru Rauðsokkar af stað með miklu afli í undirskriftasöfnuninni. Mér finnst það mjög gleðilegt að þær skuli nú vera komnar inn í starfið af fullum krafti. Þessu tengist það, að ég hef heyrt að allmargar Rauðsokkur séu óánægðar með þessi skrif í "Staglinu" og hafi gagnrýnt hreyfinguna sína fyrir lélega frammistöðu í þessu starfi.

## 8. mars-hreyfingin:

# Starfið heldur áfram!

Það mun hafa verið á liðsfundi 8. mars-hreyfingarinnar í febr. sl. sem sú hugmynd kom fram að hreyfingin þyrfti að halda ráðstefnu einhvern tíma eftir 8. mars til að ræða sín mál. Ráðstefna þessi var síðan haldin 12. apríl sl. að Hallveigarstöðum. Af því tilefni sneri Verkalýðsblaðið sér til Sigrúnar Ágústsdóttur, en hún er einn þriggja stjórnarmanna hreyfingarinnar, sem kosnir voru á ráðstefnunni. Báðum við hana að segja okkur og lesendum frá ráðstefnunni.

Þrjú mál voru á dagskrá ráðstefnunnar. Í fyrsta lagi reynslan af starfinu í vetur. Í öðru lagi það sem skilur að 8. mars-hreyfinguna og Rauðsokkahreyfinguna. Og í þriðja lagi framtíð 8. mars-hreyfingarinnar. Umræður fóru þannig fram að framsögur voru um hvert mál, síðan var rætt í hópum, sem loks lögðu fram niðurstöður sínar til almennrar umræðu. Við erum mjög ánægðar með þessa ráðstefnu, þátttaka var sæmileg, eða fimmtán, og umræður gengu vel fyrir sig.

HVERJAR VORU SVO HELSTU NIÐURSTÖÐUR RÁÐSTEFNUNNAR?

FÁLMANDI STARF

Eftir að hafa rætt og metið starf hreyfingarinnar í vetur komumst við að þeirri niðurstöðu að okkur hefði skort raunhæfa starfsáætlun, og þess vegna hefði starfið verið fálmandi. Þetta kom m.a. í ljós í samstarfinu við Rauðsokka. Við vorum illa undir það búnar og ræddum ekki nógu vel, hvað við vildum með því.

Við töldum að ein mikilvægasta orsökin fyrir þessu væri sú, að eftir 8. mars í fyrra var ekki tekin nein ákvörðun um, hvernig starfi skyldi háttað, er það hæfist að nýju. Þetta hafði það líka í för með sér, að margir sem störfuðu í hreyfingunni í fyrra, komu ekki til starfa aftur nú í vetur.

En við komum nú líka auga á ýmsa jákvæða þætti í starfinu. Góðar umræður voru á liðsfundum um það, hvaða kjörorð við ættum að hafa. Það er þó alls ekki nóg að hafa kjörorðagrundvöll. Þá vorum við ánægðar með að hafa átt frumkvæði að gagnlegu og ágætu samstarfi um úrbætur í dagvistarmálum.

RAUÐSOKKAHREYFINGIN UPPHLAUPAKENND

Annað atriðið á dagskrá ráðstefnunnar var Rauðsokkahreyfingin. Við ræddum um kosti hennar og galla, og vorum sammála um að í stefnuskrá hennar væri margt gott ef því væri fylgt eftir. Hins vegar biði skipulag hennar ekki upp á markvissa baráttu. Þar geta andstæð öfl starfað saman. Starf hennar væri upphlaupakennt og svo sofið á milli. Við teljum því að til lítils væri að fara að starfa innan slíkrar hreyfingar. Þá fannst okkur að lítið hefði áunnist á 9 ára starfsferli hreyfingarinnar. Hún er illa liðin meðal margra alþýðukvenna fyrir slagorðaglamur og kvenrembu. Við erum auk þess alls ekki sammála Rauðsokkum í mörgum málum, eins og kom fram í viðtali við Kristjönu Bergsdóttur í viðtali við Verkalýðsblaðið fyrir skömmu (8.tbl.). Við teljum hins vegar að í einstökum baráttumálum getum við unnið með henni.

8.MARS-HREYFINGIN HELDUR ÁFRAM

Hvað framtíðina varðar vorum við allar vissar um að full þörf væri fyrir áframhaldandi starf. Aðalvandinn væri að finna réttustu leiðina. Við álitum tilgangslaust að halda áfram að starfa eingöngu fyrir 8.mars. Við verðum að starfa allt árið, en sníða okkur stakk eftir vexti, þó að verkefnin geti verið óteljandi.

Í sumar ætlum við að starfa í einum hóp og

framhald á bls. 7

## Kínverjar fyrstir með. . .

# Getnaðarvarnarpil

Í Kína hefur verið greint frá því, að vísindamönnum hafi tekist að búa til skaðlausa getnaðarvarnapillu fyrir karlmenn. Vísindamenn þar, sem og á Vesturlöndum, hafa lengi gert tilraunir í þessa átt, en ekki haft árangur sem erfiði fyrr en nú. Þegar Kínverjar hófu að gefa þessum málum gaum, tóku þeir eftir því að karlmenn sem tóku inn olíu úr pressuðum baðmullarfræjum, t.d. við magakvillum, urðu ófærir um að geta börn, jafnvel þó þeir legðu sig alla fram! Þessi uppgötvun leiddi vísindamennina á sporið. Í olíunni er efni sem nefnist gossypol, og það reyndist hafa umrædd áhrif á karlpeninginn.

Sem kunnugt er, geta algengustu getnaðarverjurnar, svo sem Pillan og lykkjan, haft aukaverkanir og skaðleg áhrif á heilsu kvenna sem þær nota. Því er öruggt að margir verða til þess að taka fregnum á borð við uppfindingu karl-pillu fagnandi.

ÁRANGURSLAUST POT

Vísindamönnum á Vesturlöndum, sem baukað hafa við karl-pillugerð, hefur ekki tekist að búa til brúkhæfa vöru fram að þessu. Tilraunir með slíkar pillur hafa leitt í ljós alvarlega fylgikvilla hjá mörgum tilraunadýrum, allt frá vexti brjóstkirtla í algert náttúruleysi. Þar við bætist að öryggið af notkun pillnanna hefur naumast verið meira en lífsvon þátttakenda í rússneskri rúllettu.

99% ÖRYGGI

Gossypol hefur verið prófað á meira en 4000 karlmönnum í Kína síðan 1972, þar af á **rúmlega 2000 manns í samfellt**

**Kínverska P-pillan** sem framleið

DAGVISTARMÁLASAMSTARF

8. mars hreyfingin bauð okkur í samstarf um dagvistarmál á barnaári '79. Tiðboðið var jafnframt semt 65 félögum og félagasamtökum. Rauðsokkahreyfingin hefur staðið illa að þessum málum síðast liðin tvö ár og því var tilboðinu tekið eftir að fulltrúi hafði setið viðræðufund.

Síðan hefur Rsh. staðið að þessu samstarfi - en satt best að segja hefur frammistaða hennar verið slöpp og hreyfingin hefur engan veginn beitt sér í þessu samstarfi. Til þess liggja gildar orsakir.. Hér verður gerð örstutt grein fyrir reynslu okkar af samstarfinu:

1) 8. mars hreyfingin böðaði til þessa samstarfs en það þýðir ekki að hún ÆTLI það og geti setið ofan á öllu saman - deilt og drottnað en það hefur verið greinilegur skilningur þeirra frá upphafi.

2) 8. mars hreyfingin lagði áherslu á ópólitíska samfylkingu með "lágmarksgrundvelli" þ.e. fáum kröfum og víðum utan um eitt baráttumál: Næg og góð dagvistunarheimili . Við vildum ræða hvort tveggja næg og góð dagvistunarheimili og sama máli gengdi um marga aðra sem hlut áttu að máli. Fulltrúar 8. mars hreyfingarinnar voru hins vegar ekkert upp á það komnir að ræða hitamál eins og það HVAÐ Á SÉR STAÐ á dagvistarstofnunum núna, hvað á að eiga sér stað í framtíðinni eða m.ö. orðum hvernig líður börnunum okkar núna, hvaða uppeldi fá þau og hvað ætlu þau að fá. Hvað eru góðar dagvistarstofnanir, hvaða möguleika aðra væri hægt að nýta en dagheimili o.s.frv. Um þetta vildi 8. mars hreyfingin aldrei ræða. Við áttum að gjöra svo vel að einbeita okkur að kröfunum um meira meira- meira- sem sagt við áttum að tala stöðugt um magn en ekki gæði. Allar umræður utan beinna framkvæmdaatriða í kringum göngurna og undirskriftasöfnunina sem greinilega var í einkaeign 8. mars hreyfingarinnar voru barðar niður með óheiðarlegum vinnubrögðum þ.e. við var til þeirra 55 samtaka sem aldrei höfðu komið til starfs (þar á meðal allrar verkalýðshreyfingarinnar) og sagt "það er ekki víst að allir geti samþykkt þetta". Við verðum að hugsa um samfylkinguna (!!!)"

3) Við rauðsokkarnir sem þarna komum nálægt höfum ekki vanist tilfinningasnauðri skriffinsku á borð við þá sem 8. mars-hreyfingin hafði eina fram að færa í þessari samvinnu. Okkar sjónarmiðum var aldrei ansað - né heldur hinna sem voru að reyna að taka þátt í þessu "samstarfi". Við höfum tekið þátt í þessari vinnu af samviskusemi gagnvart eigin samþykktum en þetta hefur í alla staði verið erfitt, ófrjótt og dautt starf - þökk sé 8.mars-hreyfingunni og "vafasömum hagsmunum" hennar.

Dagný/Tóta/Kládía.

-Hvað er annars að frétta úr dagvistarsamstarfinu ?

Sigrún: - Stjórn Foreldrafélagsins á Sunnuborg hefur lýst yfir vilja sínum til að taka þátt í starfinu á einhvern hátt. Starfsfólk Sálfræðideildar skóla hefur sent okkur stuðningsyfirlýsingu upp á margar blaðsíður. Þá hafa Starfsmannafélag Reykjavíkur, Alþýðubandalagið í Reykjavík og fleiri aðilar lýst yfir stuðningi við aðgerðir okkar. Undanfarna daga hefur staðið yfir herferð í undirskriftasöfnuninni og verið gengið í hús með listana. Að henni lokinni verður ákveðið um framhaldið, sagði Sigrún Halldórsdóttir að lokum.

# Hafa skal það er sannara reynist

## Meira um Stemmumálið á Höfn

Á baksíðu 5. tbl. Verkalýðsblaðsins 1979 var talsvert fjallað um fyrirtækið Stemmu h.f. á Höfn í Hornafirði. Meðal annars var byggt á viðtali við Kristján Gústafsson, framkvæmdastjóra Stemmu. Ýmsir urðu til þess að benda á, að sitthvað í skrifum blaðsins væri villandi, annað jafnvel rangt. Fréttaritari blaðsins brá sér til Hafnar og leitaði nánari upplýsinga. Þessi grein byggist á þeim.

Það mátti auðveldlega lesa út úr skrifum VB, að kveikt hefði verið í Stemmu á sínum tíma til þess að krækja í tryggingarfé og losna við óæskilega pappíra úr bókhaldinu. Þetta töldu viðmælendur blaðsins afar fjarstæðukennt. Bentu á að vertíð hafi verið í hámarki og fyrirtækið gengið mjög vel. Því virtist engin ástæða fyrir íkveikju.

Kvöldið sem kviknaði í húsakynnum Stemmu var unnið til kl. hálf ellefu, eins og oft gerist þegar vertíð stendur sem hæst. Tveir möguleikar eru taldir líklegir á orsökum brunans. Annars vegar rafmagnsbilun, en bent er á að mikið af rafleiðslum hafi legið á blautu gólfi og það hafi valdið "útslætti" rafmagns daginn sem bruninn varð. Hinn möguleikinn er sá að sígarettustubbur hafi valdið brunanum. Ekki hefði þurft meira en að henda sígarettuglóð í tunnur í snyrtiherbergjum, sem í voru pappírssneplar, til að illa hafi farið.

Það er hins vegar staðreynd, að húsið var alls ekki byggt samkvæmt reglum Brunamálastofnunar ríkisins um brunavarnir. Veggir og loft voru klædd með olíusoðnu masóníti, sem er mjög eldfimt þegar hiti fer upp fyrir ákveðið stig. Snyrtiherbergi og matsalur voru úr timbri. Sjálft húsið var úr stálgrindum, sem "bráðna" strax við mikinn hita. Húsið fuðraði upp á svipstundu og ekki var við neitt ráðið.

Þess má geta, að slökkviliðsstjórinn á Höfn og tryggingarfélag hússins höfðu oft bent á brunahættu í Stemmu og krafist úrbóta. Því var aldrei sinnt.

Vegna þess hvernig ásigkomulag hússins var, féllst tryggingarfélagið eingöngu á að borga nýtt hús samkvæmt byggingarkostnaði, þ.e.a.s. ekki tryggingarfjárhæðina alla. Nóg um brunamálið.



Höfn í Hornafirði

HVER Á STEMMU?

Frumkvæði að stofnun Stemmu eiga útgerðarmenn í Ólafsvík, m.a. Halldór Jónsson, auk þess nokkrir útgerðarmenn á Suðurnesjum. Þegar hugmyndirnar kviknuðu, var Kristján Gústafsson, þá útgerðarmaður á Höfn, nýfarinn á hausinn með útgerð sína og Landsbankinn seldi skip hans upp í skuldir. Kristján og Einar sonur hans, Unnsteinn nokkur og Ingólfur Waage, lögreglumaður að atvinnu, hefja samstarf við útgerðarmennina og útvega lýð undir söltunarstöðina. Þessir teljast því aðaleigendur Stemmur og þeir byggja fyrirtækið upp, en sumt verkafólk sem vann við húsbygginguna í sjálfboðavinnu fékk hlutabréf fyrir.

Í fyrirtækjaskránni (og í máli Kristjáns framkvæmdastjóra) kemur fram að "fyrirtækið sé í eigu starfsfólksins sjálfs". Þetta er auðvitað blekking.

"30 KONUM SAGT UPP"

Tæplega er rétt að tala um óbeina uppsögn síldarsöltunarstúlkna, vegna aukinnar vélvæðingar, eins og VB gerði.

Vélar sem salta fisk munu vissulega koma, og hver þeirra mun salta á við 10 verkakonur, þannig að vinnuplássum fækkar tvímælalaust þegar þar að kemur. Hitt er svo annað mál, að farandverkafólkið, sem hér er um að ræða, fer milli verstöðva um allt land og tilviljun ræður (ekki þó alltaf) hvort sama fólkið kemur á sömu staði ár eftir ár.

RÉTTINDALEYSI

Hitt er athyglisvert, að farandverkafólkið svokallaða á eingöngu aukaaðild að verkalýðsfélögunum, og hefur til dæmis ekki kosningarétt í þeim. Þetta er alvarleg réttindaskerðing. Þorsteinn Þorsteinsson, "verklýðsforingi" á Höfn, hefur ekki látið sig varða þessi mál. Auðséð er þó að félagi með aukaaðild stendur mun verr að vígi gagnvart atvinnurekanda en verkamður með fulla aðild. Stendur hann þó oft illa.

Fréttaritari.

# lu fyrir karlmenn

2 ár eða lengur. Öryggið hefur sýnt sig vera 99.80%, eða álíka og með notkun Pillunnar.

Gossypol hefur engin áhrif á hormónakerfið, heldur á eiginleika sáðfrumanna sjálfra. Fyrsta mánuðinn taka menn lyfið inn daglega, en síðan aðeins tvisvar í viku.

Sendinefnd bandarískra vísindamanna var á ferð í Kína síðastliðið haust og fékk með sér sýnishorn af Glossypol til rannsóknar og prófunar. Engar fregnir hafa enn borist af niðurstöðum í þeim rannsóknum.

dd er úr baðmullarfræum

# Sjálfsögð verðhækkun ?

Augu launafólks hafa sérstaklega beinst að verðhækkunum á bensíni, eftir að lítrinn af þeim vökva fór að kosta kr. 256 ( og er sagður fara í 3oo áður en árið er úti). Í landi þar sem samgöngur eru erfiðar, fjarlægðir miklar og almenningssamgöngur lélegar, hefur bíllinn með réttu verið talinn nauðsynjatæki. Reksturskostnaður og kaupverð bíla hérlendis er hins vegar með því hæsta sem þekkist, miðað við t.d. Evrópulönd.

**Ritstjórnarskrifstofa er á Baldursgötu 7A, sími 28962 Opin þriðjudaga frá kl. 5—7 síðdegis**

Útsöluverð bensíns er talið með því hæsta eða jafnvel það hæsta í öllum heiminum.

Það er ekki vegna þess að innkaupsverð bensíns sé svo hátt (innkaupsverðið er álíka og útsöluverðið í Bandaríkjunum). Ástæðan er sú að ríkið tekur um helming af verði hvers lítra í hít sína og olíufélögin þrífast ákaflega vel af sínum prósentum.

Okkur er talin trú um að verðhækkun á borð við hækkun bensínsverðs eða hækkun tryggingariðgjalda sé bætt með verðbótagreiðslum. Við heyrum "verkalýðsflokkana" gorta af því að þeim hafi tekist að "vernda kaupmátt" láglauna. Við eftirgrennslan sést hins vegar að rekstrarskostnaður bíls vegur aðeins um 12% af vísitölunni. Allir vita hins vegar að þegar ekinn kílómetri kostar frá 15o-2oo kr. fyrir flestar gerðir bíla, þá er 12% allt of lítið. Bæði bensínverðið og hlutur reksturskostnaðar bíla í vísitölunni eru dæmi um rangindi sem alþýða manna er beitt.

# SAMSTAÐA

Tímaritið SAMSTAÐA er gefið út í Reykjavík. Tilgangurinn er að efla skoðanaskipti meðal vinstri manna svonefndra og útskýra atburði í stéttabaráttunni heima og heiman.

EIK(m-l) var boðið að aðstoða á einhvern hátt útgáfu ritsins. Samtökin töldu það ekki verkefni sitt en sögðu að þeim þætti útgáfa ritsins jákvæð að því leyti sem hún stuðlaði að umræðu og baráttu ólíkra stefna.

Fyrirtæki eða stofnanir í tengslum við EIK(m-l) munu auglýsa í ritinu eftir þörfum og Októberforlagið mun selja það í búð sinni í Reykjavík.

I SAMSTÖÐU eru að þessu sinni greinar með andstæðum sjónarmiðum um t.d. Kampútseu. Þeir sem vilja auðvelda útgáfu ritsins eða fylgjast með því eru beðnir um að gerast áskrifendur, að beiðni ritnefndar SAMSTÖÐU. Það er best gert með því að útfylla gíróseðil með nafni og heimilisfangi.
Gírónúmerið er: 21604-6 og póstfang er Sólvallagata 33.

Lönd vilja sjálfstæði - þjóðir vilja frelsi - alþýðan vill byltingu

# Alþýðuuppreisn í Afghanistan

27. apríl s.l. var liðið eitt ár frá ríkisstjórn Taraki hershöfðingja tók völdin í Afghanistan. Á bak við valdaránið stóðu Sovétríkin - og á þessu eina ári hefur stjórn Taraki bundist þeim nánum böndum, m.a. með undirritun 20 ára "vináttu og samstarfssamning". Andstaðan gegn stjórn Tarakis og undirlægjuhætti þeirra gagnvart Kremlherrunum er mjög sterk í Afghanistan. Í blaðinu Afghanistan Tribune var birt greinargott yfirlit yfir ástandið sem Verkalýðsblaðið birtir hér nokkrar glefsur úr.

FJÖLDAMORÐ Í ÞÁGU "BYLTINGARINNAR"

"Íbúar Afghanistan hafa að undanförnu mátt þola skothríð frá flugvélum og skriðdrekum afghönsku stjórnarinnar, sem hefur allan sinn vopnabúnað frá Sovétríkjunum. Sovéskir ráðgjafar hafa tekið þátt í árásunum. Í svo til öllum héruðum Afghanistan hafa híbýli fólksins verið eyðilögð og þúsundir manna, þar á meðal konur og börn, verið drepin. Hernaðarstjórn Tarakis lýsir þessum árásum sem réttlátri "vörn fyrir byltinguna".

Með valdaráninu, sem Tarakistjórnin reynir að pranga út sem "byltingu", hefur Afghanistan orðið algjört leppríki Sovétríkjanna. Það sannast af eftirfarandi upplýsingum: Sósíalheimsvaldasinnarnir og önnur lönd Varsjárbandalagsins hafa gert yfir 300 samninga við Tarakistjórnina. Í viðskiptasamningum á milli Tarakistjórnarinnar og nýju keisaranna í Kreml er Afghanistan dregið inn í "alþjóðlega verkaskiptingu" Sovétríkjanna, og gerir landið að ódýrum hráefnaframleiðanda fyrir sósíalheimsvaldasinnanna".

SJÁLFSTÆÐISBARÁTTAN EFLIST

"En andstaða afghanskrar alþýðu eykst. Fjöldi sovéskra ráðgjafa hafa nú verið drepnir. Byltingin í Íran hefur hvatt alþýðuna til átaka. Tíu stjórnarráðgjafar voru drepnir í héraðinu Herat við landamærin við Íran. Sem svar við þessu lét Tarakistjórnin gera grimmilegar loftárásir. Varð þá alsherjaruppreisn meðal alþýðunnar, og vopnageymslur stjórnarhersins teknar og vopnum dreift meðal fólksins. Héraðið er nú að mestu í höndum frelsishreyfingarinnar auk fimm annarra héraða við landamærin við Pakistan.

STYÐJIÐ BARÁTTUNA

Vestrænir fjölmiðlar þegja um alþýðuuppreisnina á sama hátt og þau þegja um hreyfingar sem berjast gegn sovéskri yfirdrottnun í Eritreu og Angóla. Það þjónar eingöngu sósíalheimsvaldastefnunni. Í dag gerir yfirgnæfandi meirihluti afghanskrar alþýðu sér grein fyrir því að sóvétstýrt valdarán Tarakistjórnarinnar var engin bylting - heldur þvert á móti leiddi það til efnahagslegrar, hernaðarlegrar og pólitískrar undirgefni við Sovétríkin.

Nú berst alþýðan til þess að reka af höndum sér sósíalheimsvaldasinnana og koma á lýðræði og alþýðuvöldum í sjálfstæðu landi. Þátttaka í baráttunni er mjög víðtæk - allt frá íslömskum framfarasinnum til kommúnista."

Greininni í Afghanistan Tribune lýkur með hvatningu til andheimsvaldasinna: "Þegið ekki um ástandið í Afghanistan og hina hetjulegu baráttu alþýðu okkar! Skipuleggið með okkur aðgerðir sem afhjúpa stefnu heimsvaldasinnanna, sérstaklega sósíalheimsvaldasinnanna og hinnar morðóðu, fasísku leppklíku Tarakis.

# Laos: Hernumið af Víetnam!

Í beinu framhaldi af átökum Kína og Víetnam beindist athygli manna að yfirlýsingum Laosstjórnar um að kínverjar hefðu flutt mikið lið að landamærum Kína og Laos og hygðu á innrás. Samtímis því sem Laosstjórn kom með þessar ákærur sendi hún stóran hluta af herliði sínu suður á bógin til Kamptúseu!

Kom það spánskt fyrir sjónir - ógnunin við Laos kom úr norðri, frá Kína en herliðið var flutt til suðurs!

Kínverjar lýstu því yfir að ásakanir Laosstjórnar væru tilhæfulausar með öllu - og í raun runnar undan rifjum víetnamskra stjórnvalda. Tilgangur þeirra var sá að fela hernám Víetnam á Laos - samtímis því sem því er haldið fram að Kína ógni Laos þá innlimar Víetnam landið.

60.000 VÍETNAMSKIR HERMENN

Í dag eru um 60.000 víetnamskir hermenn í Laos auk fjölda "ráðgjafa" í hinum ýmsu stjórnarstofnunum. Einnig eru sovéskir sérfræðingar í landinu.

Í fyrstu voru víetnömsku hermennirnir staddir í Laos til að verja hina s.k. Ho Chi Minh braut í stríðinu við bandarísku heimsvaldasinnanna. En eftir að þeim átökum lauk sátu herirnir um kyrrt og hafa smám saman hertekið allt landið.

Mótstaðan gegn hernámi víetnama hefur verið nokkur og farið vaxandi að undanförnu. Vopnuð átök hafa orðið á milli herdeilda laosmanna og víetnama.

En tök víetnama á landinu eru í dag allsterk og hafa þeir sent liðssveitir í norðurhluta Laos til að berja niður mótstöðu landsmanna það.

ÆTLANIR VÍETNAM

Víetnam hefur komið sér upp leppstjórn í Kamptúséu og hernumið Laos. Þessi hernaðarumsvif þeirra sýna að "ógnunin frá Kína" er aðeins uppblásin áróðursbloðra sem ætlað er að fela hið raunverulega ástand.

Víetnam hefur nú undirritað "vináttu og samstarfssamning" við Laosstjórn og leppstjórnina í Kamptúseu. Sjálft hefur Víetnam síðan undirritað slíkan samning við Sovétríkin. Sá samningur er baktrygging þeirra í hernaðarumsvifum sínum - hin raunverulegi ógnvaldur alþýðunnar í suðaustur-Asíu eru því vopnasalarnir í Kreml og leppar þeirra í Hanoi.

## Fulltrúi Byltingarsamtakanna í Íran:

# „Heimsvaldastefnan er stærsta ógnunin“

Í viðtali við norska dagblaðið Klassekampen sagði fulltrúi Byltingarsamtakanna í Íran að hvað svo sem skrifað væri í vestræn blöð, þá sé höfuð tilhneigingin í Íran í þá átt að sameina öll öfl um sjálfstæði landsins.

Verkalýðsblaðið birtir hér hluta viðtalsins. Allt viðtalið er það langt að við sjáum okkur ekki fært að birta það allt.

Hvaða afstöðu hafið þið til íslömsku hreyfingarinnar og Khomeini?

Byltingin í Iran er íslömst bylting með andheimsvaldasinnuðu innihaldi. Trúarlegu leiðtogarnir sem voru í forystu byltingarinnar líta sjálfir á íslam sem andstöðuhreyfingu gegn heimsvaldastefnu og afturhaldi. Hvað Khomeini snertir þá tilheyrir hann baráttuglöðustu leiðtogunum. Við styðjum og hrósum Khomeini fyrir afdráttarlausa afstöðu gegn báðum risaveldunum og af því að hann leggur mikla áherslu á að bæta lífskjör hins vinnandi fjölda. Þessi tvö atriði eru eins og rauður þráður í öllum ræðum hans. Við styðjum Khomeini á þessum forsendum.

Í borgarablöðunum á vesturlöndum er íslamska lýðveldið þegar stimplað sem ógnarríki, þar sem fólk er líflátið og hendur höggnar af fyrir þjófnað. Aftökurnar undanfarið hafa verið fordæmdar sem brot á mannréttindum. Hvað segir þú um þetta?

Málaferlin eru landráðadómar, uppgjör við fjöldamorðingja. Allir þeir sem líflátnir hafa verið eru sekir frá því á dögum gömlu stjórnarinnar - þeir eru meira að segja glæpamenn samkvæmt gömlu löggjöfinni. Við vitum og fjöldinn veit að þeir sem líflátnir eru eru hataðir pyntingameistarar og bera ábyrgð á dauða mikils fjölda manna. Bara á s.l. ári voru 65.000 manns drepnir í fangelsum keisarans.

Gagnrýnin hefur líka tekið upp að réttarhöldin hafa verið leynileg?

Við erum hlynntir opnum réttarhöldum af því að þau afhjúpa aðferðir keisaraveldisins og tengls þess við heimsvaldastefnuna. Við viljum ekki að fjöldinn líti á uppgjörið sem einskonar hefnd, heldur að hann geti lært af því. Opnari réttarhöld afhjúpa líka fyrir öllum umheimi hversu hættuleg slík öfl eru fyrir sjálfstæði landsins og hvaða þrautir þau hafa í för með sér fyrir alþýðuna. Síðustu réttarhöld hafa líka verið opin og sýnd í sjónvarpi.

Hvaða hlutverk hafa byltingarnefndirnar - við hér höfum lesið að þær vinni gegn ríkisstjórninni samkvæmt skipunum frá Khomeini og að þær framkvæmi tilvilunarkenndar handtökur og árásir á fólk?

Byltingarnefndir voru stofnaðar allsstaðar í landinu í lok baráttunnar gegn keisaranum. Þetta gerðist hratt og óskipulega þegar herinn, lögreglan og annað yfirvald leystist upp. Sumar nefndanna starfa alveg sjálfstæðar. Það er ekki rétt að þær séu undir stjórn Khomeinis eða Byltingarráðsins.

Langflestar nefndanna vinna mikilvægt og nauðsynlegt starf. Þær sjá um röð og reglu, af því að engin lögregla eða yfirvald annað er til. Þær sjá um dreifingu á mat og skipuleggja margt í daglegu starfi manna.

Einstaka nefndir starfa illa og rangt. Bæði Khomeini og Bazargan hafa oft gagnrýnt það hvernig þessar nefndir koma fram. Þeir hafa bent á að einstaklingar frá gömlu stjórninni og sovéskir njósnarar hafi laumast inn í nefndirnar og vinni þar að því að sá vantrú og koma þar með af stað róti og upplausn. Auk þessa hafa nokkrir ólýðræðislegir trúarhópar völdin í nokkrum nefndum.

Ríkisstjórnin er þegar byrjuð að ráðast á þetta vandamál, og það er langt í frá að vera svo stórt eins og vestræn blöð gefa til kynna.

Hver er stærsta ógnunin við írönsku byltinguna nú?

Stærsta ógnunin er frá heimsvaldastefnunni, frá risaveldunum tveimur. Það er einkum ástæða til að óttast sovéska íhlutun, ef okkur tekst ekki að sameina kraftana og virkja alþýðuna til baráttu gegn þeirri ógnun sem þetta risaveldi er gagnvart sjálfstæði lands okkar.

Lega Írans segir okkur að baráttan gegn risaveldunum verður að vera höfuðverkefni alþýðunnar í Íran í dag. Við verðum að leggja sérstaka áherslu á að afhjúpa Sovétríkin, af því fjöldinn er þegar virkjaður í baráttunni gegn Bandaríkjunum. Af því að Sovétríkin geta falið sig á bak við sósíalíska grímu og af því að hinir svokölluðu "vinstri" hópar sá rangindum og lygi um eðli Sovétríkjanna, þá verðum við augljóslega að afhjúpa Sovétríkin fyrir íranskri alþýðu. Sovétríkin hafa greinilega betri möguleika til að nota sér mótsetningarnar í Íran. Þegar Sovétríkin lýsa því yfir að þau styðji fjöldahreyfinguna í Íran, þá eru það miklu fleiri sem fást til að trúa því heldur en ef Bandaríkin kæmu með slíka yfirlýsingu.

Hvert er aðalkjörorð hreyfingarinnar í Íran núna?

Bein þýðing úr persnesku: Hvorki Bandaríkin né Sovétríkin - Lengi lifi sjálfstæðið og það að treysta á eigið afl.

# Skerfur lesenda



## Kína og sjálfstæði EIK (m—l)

Stuttu fyrir áramót var grein í blaðinu um afstöðu okkar til stefnu kínverskra kommúnista. Þar sagði, að við þyrftum ekki alltaf að vera sammála Kínverjum, en létum vera að gagnrýna þá útávið, þ.e. kínverski flokkurinn væri okkar bróðurflokkur og við blönduðum okkur ekki í hans mál. Það séu nógu margir til að gagnrýna Kína þótt við ekki hjálpum til líka. Eitthvað nálægt þessu var innihald greinarinnar. Nú hef ég hugsað málið og er ekki sammála þessu. Við erum ekki bundin þagnarheiti um ágreiningsmál gagnvart Kínverjum eins og við værum í þeirra kommúnistaflokki.

Það er ekki bara spurning um innblöndun í þeirra mál. Uppbygging sósíalismans í Kína er t.d. mál sósíalista um allan heim. Við viljum sjá sósíalismann í framkvæmd, sósíalískan efnahag og alþýðuvöld, m.a. til að læra af því, og við viljum sjá allan sannleikann!

Við gerum vinum Kína í raun erfiðara fyrir með því að lúra á gagnrýninni. Þeir verða vantrúaðir ef við ræðum hlutina ekki opið, heldur pukrumst með þá eða sleppum að tala um sumt.

Ég vil nefna nokkur atriði sem sýna hættuna við það að þegja yfir gagnrýni á bræðraflokka:

Við sögðum ekki styggðaryrði um stefnu Kommúnistaflokks Albaníu, fyrr en allt var að fara til fjandans hjá þeim í endurskoðunarstefnu og blaðran sprungin í samskiptum þeirra við Kínverja.

Við gagnrýndum ekkert frá Kína á áhrifa- og valdatíma fjórmenningaklíkunnar, sem tókst með áhrifum sínum í áróðursmálum og fasískum stjórnarháttum að gera ógnarlegan skaða í m.a. efnahags-, mennta- og menningarmálum. Að mínu mati þurfum við opinskátt að endurmeta tímabilið 1966-76 og viðurkenna að við höfum haft verulegar rang-hugmyndir og tekið til fyrirmyndar hluti (t.d. í menntamálum) sem hafa skaðað Kína. Að vísu má segja að "við vissum ekki betur" en rannsökuðum við þá nóg?

Þessi orð hitta ekki síður bræðraflokka EIK(m-l) á Norðurlöndum sem standa á bak við mikið af upplýsingum okkar um Kína. Ég er einn af þeim sem telja, að breytingar þær, sem nú eru gerðar á kínverskri efnahagsstefnu séu komnar af brýnni nauðsyn og séu leiðrétting á mjög alvarlegum pólitískum villum. Ég tel hins vegar of snemmt að dæma um hvort hin breytta stefna sé í öllum grundvallaratriðum rétt og ekki séu að einhverju leyti stigin skref í skakka átt. Það er alla vega ástæða til að fylgjast gagnrýnið með því sem fram fer og ræða máli opinskátt t.d. í blaðinu.

Reynslan frá Sovét á dögum Leníns og Stalíns, frá Albaníu og frá Kína á tíma fjórmenninganna sýnir alla vega, að þótt alþýðan hafi völd í landi og undirtökin í flokki sínum eru geysialvarlegar villur gerðar og borgarastéttin hefur ráð udnir rifi hverju í valdabröltinu.

Það er ekki óeðlilegt, að marx-leníníska flokkar hafi í einhverjum atriðum ólíka afstöðu ef öll meginatriði fara saman. T.d. er ég, og ég held EIK-arar almennt, ósammála afstöðu Kínverja til Rúmeníu og Júgóslavíu sem þeir tala um sem sósíalísk ríki. Það er reyndar alvarlegasta gagnrýnin sem ég hef á kínverska kommúnista, en fleira mætti nefna.

Við erum komin út á hálan ís hentistefnunnar ef við vísvitandi þegjum yfir, að ég ekki segi ljúgum eða ræðum ekki um okkar á milli vafa okkar í þessum málum. Reynslan af hinni fyrri kommúnísku heimshreyfingu sýnir hættu þess að kommúnistaflokkar treysti um of á handleiðslu eins flokks. Þegar Sovétflokkurinn féll í hendur Krústjof duttu nær allir kommúnistaflokkar Evrópu í sama drulludýkið.

Hitt er svo annað mál, að gagnrýnina verður að sjálfsögðu að stilla í hóf. T.d. megum við ekki eyða því miklu plássi í að gagnrýna félaga okkar í Kína að það komi niður á skrifum þar sem við bendum á það skínandi fordæmi sem Kínverjar gefa alþýðu heimsins með sínu þjóðfélagi og baráttu sinni á heimsmælikvarða.

Svo vona ég að þetta bréf mitt verði gagnrýnt.

Eik-ari.

## Níðstöng „Stéttabaráttunnar"

18.tbl. "Stéttabaráttunnar", rak á fjörur undirritaðs á dögunum. Þar var grein um "öflugt Palestínustarf í Noregi", sem skriffinnar blaðsins hnoðuðu saman eftir Noregsferð í byrjun apríl. Ræddu þeir við "nokkra af forystumönnum Palestínafronten í Norge" um hreyfingu þeirra, en að hreyfingunni stendur aðallega Sosialistisk Venstreparti (Allaballar norðmanna). Greinin er að miklum hluta byggð upp á hörkulegum árásum á Kommúnistaflokk Verkamanna (marx-lenínista) í Noregi AKP(m-l), og reyndar ekki í fyrsta skipti sem þessi bróðurflokkur EIK(m-l) fær á baukinn frá Kristjáni Guðlaugssyni og fóstbræðrum hans sem standa að "Stéttabaráttunni". Ég fæ ekki skilið hvernig EIK(m-l) getur sameinast öflum sem standa að þvílíkum árásum á marx-lenínista, ef rétt er skilið hjá mér að sameiningarviðræður séu í fullum (sbr. skrif VB áður). Eða er ekki mál til komið að aðstandendur "Stéttabaráttunnar", sem kalla sig hvorki meira né minna en "Kommúnistaflokk Íslands"(!), leggi sín spil á borðið? Það er a.m.k. krafa mín eftir lestur Palestínugreinarinnar fyrrnefndu. Og til þess að fleiri geti séð hvað hér er um að ræða, þá birti ég orðréttan kafla. Fyrst er rætt um stofnun Palestina Komitéen í Noregi, en ágreiningur innan nefndarinnar leiddi hins vegar til klofnings. Um þetta segir "Stéttabaráttan":

"Það kom í ljós þegar starfnendarinnar komst á rekspöl að maóistasamtökin AKPm-l ætluðu sér að nota nefndina í flokkbyggingarstarfi sínu. Þegar á leið höfu meðlimir AKP í nefndinni að sýna yfirgang og reka áróður fyrir nýrri línu sem var í andstöðu við stefnu annarra nefndarmanna. Þetta leiddi til þess að margir einstaklingar, sem ekki voru skipulagðir í nefndinni af pólitískum samtökum, hrökkluðust úr starfi. AKP, sem hafði meirihluta í nefndinni, þvingaði síðan fram nýjan stefnugrundvöll á landsþinginu 1976 og þá gengu þeir sem eftir voru í nefndinni utan AKP úr henni.

Aðalágreiningurinn stóð um það hvort leggja ætti Sovétríkin og Bandaríkin að jöfnu sem óvini palestínsku þjóðarinnar og hvort taka ætti upp baráttu gegn þeim arabaríkjum sem væru andstæð PLO.

AKP vildi taka ínn í grundvöllinn baráttu gegn Sovétríkunum, en aftur á móti ekki minnast á baráttu gegn afturhaldssömum í arabaríkunum (t.d. í Jórdaníu). Þessi afstaða AKP gekk þvert á afstöðu PLO sem höfðu þegar áður en hún var samþykkt 1976 lýst yfir andstöðu sinni". Svo mörg voru þau orð.

AKP (m-l) hefur nú ekki staðið sig verr en svo í vináttustarfinu við PLO í Noregi, að PLO bauð flokknum að senda sendinefnd á sinn fund fyrir nokkrum vikum, undir forsæti Steigans, formanns AKP(m-l). En auðvitað horfa aðstandendur "Stéttabaráttunnar" viljandi fram hjá þessu. Aðalatriðið hjá þeim, eins og hjá endurskoðunarsinnunum í Noregi, er að koma höggi á marx-leníníska hreyfinguna. Og með hörkulegum árásum á AKP(m-l), er "KFÍ"- liðið um leið að ráðast á EIK(m-l) á illa dulbúinn hátt.

Hrafn

## Sumarbúðir Verkalýðsblaðsins

Þá er vorið komið (samkvæmt almanakinu!) og undirbúningur sumarbúða Verkalýðsblaðsins hafinn. Í fyrra héldum við sumarbúðir á Suðurlandi, og aðrar á Norðurlandi, en í ár ætlum við að bæta um betur: Við höldum þrennar sumarbúðir og bjóðum upp á enn fjölbreyttari dagskrá og viðfangsefni!

En hvers vegna sumarbúðir? Jú, þar gefst framsæknu fólki tækifæri til að koma saman, ræða málin og taka þátt í mótun baráttustefnunnar. Þar er vettvangur fyrir fólk til að kynnast innbyrðis og kynnast kommúnísku hreyfingunni í gegn um starf og leik. Þar er vettvangur þroskandi skemmtana, íþrótta og útiveru við allra hæfi. Dagskrá sumarbúðanna er sniðin þannig að allt þetta fær þar rúm og eftir reynslunni í fyrra að dæma mun enginn fara vonsvikinn heim.

Fjallabúðir eru fyrst á dagskrá, um mánaðarmótin júní-júlí. Dvalið verður í fjallaskála á Hengilssvæðinu, og lögð áhersla á gönguferðir og fjallaklifur, auk pólitískra umræðna, íþrótta og kvöldskemmtana. Auk þess er kynntur útbúnaður og aðferðir við fjallaferðir. Einnig verður náttúrufræðsla. Búðirnar eru að sjálfsögðu öllum opnar, en takmarka verður aldur barna við 8 ár. Þátttaka tilkynnist fyrir 15. júní. Innifalið í (hóflegu!) þátttökugjaldi er m.a. ferðir og fullt fæði.

Fjölskyldubúðirnar eru svo að venju um verslunarmannahelgina í nágrenni Reykjavíkur. Þar er á dagskrá gönguferðir, íþróttir, pólitískar umræður og kvöldskemmtanir. Áhersla skal lögð á barnagæslu, m.a. er í bígerð að bjóða upp á sérstaka dagskrá fyrir börnin. Þátttökutilkynningum sé skilað fyrir 25. júlí og innifalið í (hóflegu!) mótsgjaldi er m.a. ferðir og fullt fæði. Kjörið tækifæri fyrir fjölskyldufólk að verja helginni í góðum hópi við uppbyggjandi starf og leik!

Ferðabúðir eru síðastar á dagskrá, um miðjan ágúst. Gengin verður um 60 km leið á 5 dögum á hálendinu miðsunnanlands, þarna er eitt fallegasta og jafnframt hrikalegasta landssvæði Íslands. Gist verður í skálum og tjöldum, og gefst gott tækifæri til náttúruskoðunar þar sem dagleiðir eru stuttar. Í þessa ferð er ekki ráðlegt að fari fólk undir 14 ára aldri. Fyrst og fremst eru þetta búðir við hæfi fólks sem er tiltölulega vant göngu- og fjallferðum.

HVERT ER HÆGT AÐ SNÚA SÉR?

Allur undirbúningur er skammt á veg kominn, þannig að nánari upplýsingar um fyrirkomulag og einstaka þætti verða að bíða næsta tbl. VB. Þó er ákveðið að greiða niður ferðakostnað fólks sem sækir búðirnar utan Reykjavíkursvæðisins. Þá eru fyrirhugaðir undirbúningsfundir, þar sem rætt skal um tilhögun, flutt erindi um náttúrufar staðanna, rykið dustað af söngbókum og raddböndum o. s.frv. Nánar auglýst síðar.

En brýnt er að þeir sem hug hafa á að taka þátt í fyrstu búðunum láti vita af sér sem allra fyrst. Það má gera í gegn um sölufólk blaðsins, með því að koma á ritstjórnarskrifstofur Verkalýðsblaðsins á þriðjudögum kl. 5-7 síðdegis (Baldursgata 7A), eða með því að skrifa í pósthólf 5186, 125 Reykjavík. Við höfum útbúið sérstakar þátttökutilkynningar handa fólki til að útfylla, og má nálgast þær á fyrrgreindan hátt.

Þetta nægir í bili, en gætið þess vel að láta ekki happ úr hendi sleppa. Hittumst á sumarbúðum Verkalýðsblaðsins 1979!

Undirbúningsnefndin.

## 8. mars

FRAMHALD AF BLAÐSÍÐU 4

verður aðalverkefni hans í þessum mánuði að starfa af krafti í undirskriftasöfnuninni um dagvistamálin. Í sumar ætlum við svo að ræða grundvöll hreyfingarinnar betur og rökstyðja hann. Svo ætlum við okkur síðast en ekki síst að kanna kaup og kjör verkakvenna og kynna okkur í því sambandi eitt eða tvö verkalýðsfélög sem í eru fyrst og fremst konur. Það liggur því fyrir að gera starfsáætlun fyrir þetta starf, svo að það geti orðið sem allra einbeittast og gagnlegast, sagði Sigrún Ágústsdóttir í stjórn 8. marshreyfingarinnar að lokum.

**Réttarráðgjöfin:**
**Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fyrir almenning**
**Öll miðviku-dagskvöld kl. 19.30—22.00.**
**Sími 27609**

## Jóhannes

FRAMHALD AF FORSÍÐU

allega að "mjólkurlausum þéttbýlisbörnum"!

"ÓÁNÆGÐIR MEÐ ALÞÝÐUBANDALAGIÐ"

Jóhannes lét í ljós mikla óánægju með þátt ríkisstjórnarinnar í kjaramálum undanfarið og taldi hugmyndir í ríkisstjórninni um enn eina lagasetningu gegn láglaunafólki síst af öllu rökrétt framhald af því sem á undan er gengið.

- Þessi ríkisstjórn starfar ekki í þágu verkalýðsins, og ég, sem flokksbundinn Alþýðubandalagsmaður, er ákaflega óánægður með hlut flokksins í ríkisstjórn. Ég er örugglega ekki sá eini í röðum Alþýðubandalagsmanna sem spyr sig þeirrar spurningar, hvort flokkur sem kallar sig sósíalískan geti haft að markmiði að stjórna auðvaldsskipulaginu betur en auðvaldið sjálft. Þannig horfir málið fyrir mér, sagði Jóhannes Gunnarsson að lokum.

Blaðið þakkar fyrir spjallið og hvetur til samstöðu með mjólkurfræðingum í baráttu þeirra.

VERKALÝÐS BLAÐIÐ

Málgagn Einingarsamtaka kommúnista (marx-leninista)

Gerist áskrifendur
Áskrift greiðist á
giró 12200·9

ÁBM: ALBERT EINARSSON
1 árs áskrift: kr. 3000
1/2 árs áskrift: kr. 1750
Til útlanda: kr. 5500
Stuðningsáskrift: kr. 5000
Pósthólf 5186,

Landsbókasafnið
V/ Hverfisgötu
lol Reykjavík

## Verkalýðsblaðið kannar mál Bifrastar hf:

# Bifröst sparaði sér 9—11 miljónir á kostnað sjómanna

Um mánaðarmótin mars-apríl birtist mjög áberandi auglýsing frá skipafélaginu Bifröst hf. í dagblöðum landsins. Bar auglýsingin yfirskriftina: "Að eiga hlut í framtíð. Hlutafjárboð frá Bifröst." Verkalýðsblaðið fékk áhuga á að kynnast þessu fyrirtæki nokkuð nánar með það fyrir augum að kynna það lesendum. Ekki svo að skilja að blaðið sé að leita að leið fyrir þá til að fjárfesta sitt pund - síður en svo. Það sem vakti fyrir okkur var að kanna hvernig venjulegt "almenningshlutafélag" vinnur. Hverra framtíð almennir hlutabréfseigendur eru að tryggja.

Heimahöfn Bifrastar er í Hafnarfirði og fer Sjómannafélag Hafnarfjarðar (SH) með samningsmál undirmanna á skipinu. Er þetta eina skipafélagið sem SH semur við.

Sjómannafélag Reykjavíkur (SR) fer með samninga allra annarra undirmanna (nema matsveina og þerna) á kaupskipaflotanum, þar sem önnur sjómannafélög úti á landi þar sem fragtskip eru skráð hafa öll afsalað sér samningsumboði til SR. Ef sjómannafélög úti á landi treysta sér til að knýja fram betri samninga en SR væri það vissulega rangt að leggjast gegn því. En í þessu máli er því ekki svo farið. Bifröst kom til landsins í marsmánuði 1977 og enn hefur enginn kjarasamningur verið gerður milli SH og Bifrastar hf, og engar viðræður eiga sér stað. Bifröst hf. er því "sjóræningjaútgerð". Hið furðulega við allt saman er þó það, að formaður Sjómannafélags Hafnarfjarðar er enginn annar en Óskar Vigfússon, forseti Sjómannasambandsins, sá maður sem ötullegast hefur sagst berjast gegn erlendum "sjóræningjaútgerðum". Með þessum orðum er ekki verið að gera lítið úr þeirri baráttu heldur aðeins bent á að hér á við máltækið "Maður líttu þér nær".

### BROTIÐ Á SJÓMÖNNUM

En hverju skiptir þá áhugaleysi Óskars í þessu máli fyrst útgerðin greiðir laun eftir taxta SR ? Jú, á þessum stutta starfstíma útgerðarinnar, hefur Óskar gefið henni á annan tug milljóna ef miðað er við kjarasamninga SR við önnur útgerðarfélög, auk þess sem brotið hefur verið gróflega á einstökum sjómönnum. Í grein 19.1 í kjarasamningi Sjómannafélags Reykjavíkur segir um "mönnun skipa" að: " á skipum 9o1 brl. og stærri skulu vera 6 fullgildir hásetar" (þetta á við skip með millidekki. Bifröst er með millidekki og er 975,29 brl. að stærð.

Vegna ábendinga frá sjómönnum um að of fáir hásetar væru á skipinu lét Verkalýðsblaðið kanna lögskráningar undirmanna hjá bæjarfógeta Hafnarfjarðar. Þar kom fram að í miðjan júlímánuð 1978 voru aðeins fjórir undirmenn á dekki, en eftir það voru þeir fimm (þó einu sinni sex og í annað sinn fjórir). Á fyrstu 25 mánuðum útgerðarinnar (fram til 1.maí s.l.) sparaði hún sér því sem svarar 37 mánaðarlaunum háseta. Í töflu sem fylgir með greininni má sjá að bein vangoldin laun nema a.m.k. 9,4-11,6 milljónum króna, en þar er gert ráð fyrir lítilli yfirvinnu (6o klst á mánuði). Ofan á þessi laun má bæta a.m.k. 5% (liðlega o,5 millj.) sem eru fæðispeningar og launatengd gjöld, sem útgerðin hefur sloppið við að greiða.

### AÐGERÐARLEYSI FÉLAGSINS

Þetta hefur Sjómannafélag Hafnarfjarðar látið viðgangast þrátt fyrir endurteknar kvartanir sjómanna. Hásetarnir ( og í raun líka yfirmennirnir) hafa nú kynnst því, að fækkun í áhöfn þýðir ekkert annað en aukið vinnuálag. Kenningar útgerðamanna um að þannig megi bæta kjör sjómanna hafa sýnt sig að vera staðlausir stafir. Þetta er heldur ekki eina aðferðin sem þessi "sjóræningjaútgerð" hefur reynt að nota til að hlunnfara sjómenn. Hún stendur einnig mjög illa í skilum við skattayfirvöld á því fé sem hún hefur haldið eftir af launum háseta. Með því móti hefur hún haldið þeim greiðslum í rekstrinum í sumum tilfellum meira en hálft ár og þannig bakað sjómönnum mikil óþægindi. Útgerðin hefur aðeins greitt í lífeyrirsjóð af grunnkaupi og á þann hátt reynt að stela á þriðju milljón af sjómönnum og um leið að rýra lífeyrisréttindi þeirra í framtíðinni. Þetta hefur nýlega komist upp og hefur útgerðinni verið gert að greiða þessa vangoldnu upphæð.

Ef að líkum lætur þá er hér ekki um að ræða tæmandi upptalningu á afrekum stjórnar Bifrastar hf. Vafalaust búa einhverjir lesendur blaðsins yfir frekari vitneskju. Viljum við hvetja þá eindregið til að setja sig í samband við blaðið á viðtalstíma ritstjórnar, sem auglýstur er annars staðar í blaðinu eða þá sölumenn þess.

Stutt en viðburðarrík saga Bifrastar hf. sýnir að hér eru á ferðinni menn sem einskis svífast í gróðasöfnun sinni. Þeir ætla sér augsjáanlega stóra hluti í framtíðinni, og í þeirra framtíðarsýn virðist nóg rúm fyrir verkalýðsforingja á borð við Óskar Vigfússon.

# Hvað segja Óskar og útgerðin?

**Verkalýðsblaðið hafði** samband við Óskar Vigfússon. Hann kvað enga samninga hafa verið gerða milli hans félags og Bifrastar hf. Kjör færu hins vegar eftir almennum farmannasamningum. Síðar í viðtalinu kom fram að þegar skipið kom til landsins hafi Sjómannasambandið samið við Bifröst hf. um að hásetar skyldu vera 6 um borð. Fækkun háseta er að sögn Óskars einhliða ákvörðun útgerðarinnar. Er Óskar var inntur eftir því hvers vegna félagið léti þetta viðgangast þá bar hann því við að Bifröst væri ekki sams konar skip og t.d. skip Eimskipafélagsins og því væri spurning hvort þar ættu að vera 5 eða 6 hásetar. Óskar kvað hliðstæðar breytingar hafa átt sér stað á skipum sem Sjómannafélag Reykjavíkur semur fyrir.

Verkalýðsblaðið reyndi að fá fram afstöðu talsmanna Bifrastar hf. til þess hvort hér væri um lögbrot að ræða eða hvort þeir teldu sig hafa samið um þessa skipun mála (4-5 háseta á dekki). Skrifstofustjóri Bifrastar hf. Steinn Sveinsson kvaðst "ekki vera klár á þessum málum" end "hefði hann ekki með þessi mál að gera". Vísaði hann á framkvæmdastjórann Finnboga Gíslason. Finnbogi var hins vegar svo önnum kafinn það síðdegi sem blaðamaður Verkalýðsblaðsins reyndi að ná sambandi við hann að hann gat ekki gefið sér tíma til að svara. Afstaða skipafélagsins er því enn ekki ljós.

# Útreikningar á launum

Við útreikninga á grunnlaunum eru notaðir samningar Sjómannafélags Reykjavíkur fyrir byrjanda annars vegar en hins vegar fyrir sjómann með 1o ára starfsreynslu.

Grunnlaunin eru fengin með því að finna meðalmánaðartekjur yfir tímabilið 1.mars 1977 til 3o.apríl 1979. Á þessu tímabili hækkuðu launin um c.a. 24o% mest vegna verðbóta.

Önnur leið hefði verið að færa öll laun til núverandi verðlags. Hvorki fæðisgreiðslur né launatengd gjöld eru tekin með í dæmið og yfirvinna er metin í lágmarki.

| Fjöldi vinnudaga: | Vinnudagar miðað við 6 háseta. | Greiddir vinnudagar. |
|---|---|---|
| 1977(frá 1.mars) | 162o | 117o |
| 1978(allt árið) | 219o | 1643 |
| 1979(til 1.maí) | 81o | 675 |
| alls: | 462o | 3488 |
| mismunur: | 1116 dagar eða 37,2 mánuðir. | |

| Launaútreikningar: | Byrjandi | 1o ára starfsreynsla. |
|---|---|---|
| Grunnlaun | 129.8oo kr. | 159.946 kr. |
| 1o,75%(vinnustytting) | 13.953 - | 17.194 - |
| Vetrarfrí 1,92 dag. | 8.3o7 - | 1o.235 - |
| 6o tíma yfirvinna. | 71.891 - | 88.5oo - |
| Orlof 8,33% | 18.655 - | 22.98o - |
| Lífeyrirssjóður 6% | 12.1o1 - | 14.9o6 - |
| alls: | 254.7o7 - | 313.761 - |
| fj. ógreiddra mán. | x37 | x37 |
| Ógreidd laun: | 9.424.159 kr | 11.6o9.157 kr |

# Hverjir ráða Bifröst ?

Núverandi hlutafé fyrirtækisins er sagt vera 378 milljónir en á að auka það í 75o milljónir. Ekki veitir af þessari fjármagnsaukningu, því til stendur að kaupa annað skip svipaðrar gerðar og Bifröst. Nýja skipinu er ætlað að sigla á Evrópuhafnir, eins og Bifröst átti líka upphaflega að gera. Vegna mikils annríkis í flutningum fyrir bandaríska herliðið hér á landi hefur Bifröst þó ekki enn komist í þá flutninga.

Stjórn fyrirtækisins er í höndum fimm valinkunnra athafnamanna. Formaður stjórnarinnar er Þórir Jónsson (eigandi Sveins Egilssonar og Þóris Jónssonar og co) en aðrir í stjórn eru: Bjarni V.Magnússon (eigandi "íslensku umboðssölunnar"), Ásgeir Gunnarsson (Veltir eða Volvoumboðið), Sigurður Njálsson (aðaleigandi "Alþjóða líftryggingafélagsins") og Jón Guðmundsson. Ekki eru þessir menn með öllu reynslulausir í rekstri kaupskipa t.d. var einn þeirra Sigurður Njálsson um nokkurt árabil forstjóri Hafskips. Varð hann að láta þar af störfum skömmu eftir einn aðalfundinn þar sem stjórnin leit eigin eignaaukningu hans óhýru auga. Auk fyrrnefndra einstaklinga er því fleygt að Pálmi í Hagkaup og Ingimundur forstjóri Heklu hf. séu stórir hluthafar í fyrirtækinu.